

SKRÁNINGARLÝSING

Verðtryggð skuldabréf

Austur-Hérað

1. flokkur 2003



Umsjónaraðili:



Landsbankinn


Ágúst 2004

Yfirlýsing útgefanda

Bæjarstjórn Austur-Héraðs kt. 510169-6119, Lyngás 12, 700 Egilsstöðum, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu þessari á flokki skuldabréfa AH 03 1 séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Austur-Hérað, 26. júlí 2004
f.h. Austur-Héraðs.




Eiríkur Björn Björgvinsson kt. 060966-3899
bæjarstjóri
Austur-Héraði

Yfirlýsing umsjónaraðila

Landsbanki Íslands hf. kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingarinnar á flokki skuldabréfa AH 03 1 var aflað þeirra gagna sem að mati Landsbanka Íslands hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af sveitarfélaginu Austur-Héraði og verðbréfum sveitarfélagsins og að mati bankans var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 26. júlí 2004
f.h. Landsbanka Íslands hf.




Steinþór Gunnarsson
kt. 220866-4409
forstöðumaður verðbréfamíðlunar

Yfirlýsing endurskoðanda

Við undirritaðir endurskoðendur, KPMG Endurskoðun hf., kt. 590975-0449 Borgartún 27, 105 Reykjavík, höfum áritað, án fyrirvara ársreikninga Austur-Héraðs fyrir árin 2000-2003. Við staðfestum að ársreikningarnir eru í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 26. júlí 2004
f.h. KPMG Endurskoðun hf.



Hlynur Sigurðsson
kt. 270971-4909

Almennar upplýsingar um verðtryggð skuldabréf Austur-Héraðs, 1. flokkur 2003.

- Útgefandi:** Austur-Hérað, kt. 510169-6119, Lyngás 12, 700 Egilsstaðir.
- Samþykki skuldabréfaútgáfu:** Bæjarráð samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á fundi þann 26. nóvember 2003. Samþykkt var að gefa út skuldabréf fyrir allt að 400.000.000,- kr. að nafnverði. Flokkurinn er opinn og ákvörðun um frekari útgáfu verður tekin af bæjarstjórn sveitarfélagsins.
- Starfsemi:** Sveitarfélagið starfar eftir sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins.
- Umsjón með skráningu:** Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík
- Nafnverð, lánstími flokks og sölutrygging:** Heildarnafnverð 1. flokks 2003 er 400.000.000,- kr. Bréfin voru sölutryggð af Landsbanka Íslands hf. Útgáfudagur bréfanna var 11. desember 2003. Bréfin eru gefin út til 20 ára.
- Nafnvextir og verðtrygging:** Skuldabréfin eru gefin út til 20 ára og greiðist verðbættur höfuðstóll skuldarinnar með sautján jöfnum afborgunum, 11. desember ár hvert, fyrst 11. desember 2007 og síðast 11. desember 2023. Skal höfuðstóll reiknaður út á hverjum gjalddaga áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig að á hverjum gjalddaga er vísitöluálagi bætt við höfuðstól lánsins og síðan deilt í með þeim fjölda gjalddaga sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn. Vexti ber að greiða á gjalddögum afborgana, fyrst 11. desember 2007 og síðast 11. desember 2023. Vextir reiknast frá og með útgáfudegi skuldabréfanna. Skuldabréfin bera fasta 5,35% vexti. Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995, til verðtryggingar með grunnviðmiðun 229,3 stig í desember 2003. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá grunnviðmiðun til gjalddaga.

Skal höfuðstóll reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir. Bréfin eru án uppgreiðsluheimildar og víkja ekki fyrir öðrum skuldum útgefanda. Engin hlunnindi fylgja bréfunum.

Einingar skuldabréfanna:	Bréfin eru gefin út í 10.000.000 kr. einingum. Gefin hafa verið út 40 bréf með númer 03-0001 til 03-0040.
Ávöxtunarkrafa og sölugengi:	Útgáfudagur bréfanna var 11. desember 2003. Ávöxtunarkrafan á útgáfudegi var 5,35% og sölugengi 1,00200
Viðskiptavakt:	Engin viðskiptavakt er með flokkinn.
Skráning:	Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2003 skuldabréfa Austur-Héraðs á skrá og verða bréf að upphæð kr. 400.000.000,- að nafnverði skráð þann 11. ágúst 2004 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Auðkenni bréfanna er AH 03 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000009298.
Kostnaður:	Austur-Hérað greiðir allan kostnað við útgáfuna ásamt 0,5% stimpilgjaldi.
Heildarfjárhæð, sem aflast með útboðinu:	Heildarfjárhæð, sem aflast með útboðinu er 393.589.600 kr.
Tilgangur sölunnar:	Andvirði útboðsins verður varið til uppbyggingar sveitarfélagsins.
Fyrirkomulag sölu og sölutímabil:	Skuldabréfin voru seld í lokuðu útboði þann 15. desember 2003. Sala og afhending fóru fram gegn staðgreiðslu. Komi til frekari sölu í flokksnum mun ávöxtunarkrafa ráðast af markaðsaðstæðum hverju sinni.
Umsjón með sölu:	Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík
Greiðslustaður:	Greiðslustaður skuldabréfanna er á skrifstofu Austur-Héraðs, 510169-6119, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum, nema öðrum aðila verði falin þau til innheimtu. Kröfuhafi getur vitjað greiðslu gegn framvísun skuldabréfsins.

Tryggingar:	Austur-Hérað ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.
Fyrningarákvæði:	Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 4 gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.
Viðtökudráttur og vanskil:	Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana eða vaxta af skuldinni er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar og má þá gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar 14 dögum eftir að bréfi hefur verið framvísað til greiðslu.
Framsöl	Skuldabréfin skulu skráð á nafn. Óheimilt er að skrá skuldabréfin á handhafa. Við eigendaskipti að skuldabréfunum, skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið bréfanna og þar greindur framsalsdagur svo og nafn, kennitala og heimilisfang nýs eiganda. Sé röð framsala gölluð, verða skuldabréfin ekki innleyst nema handhafi leiði sönnur að eignarheimild sinni. Engar frekari hömlur eru á framsali bréfanna.
Skattamál og stimpilskylda	Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 5. tl. 73. gr. laga um tekju- og eignarskatt 90/2003 teljast bréf þessi til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um

Meðferð ágreinings

staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Stimpilgjald af skuldabréfum þessum hefur verið greitt.

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Austurlands, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsingu og önnur gögn um Austur-Hérað sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík

Upplýsingar um útgefanda

Sveitarfélagið starfar eftir sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

Kjörnir bæjarfulltrúar sveitarfélagsins eru:

Soffía Lárusdóttir, kt: 110360-2829, Hjarðahlíð 9, 700 Egilsstaðir. Forseti bæjarstjórnar.

Skúli Björnsson, kt: 070456-0019, Fjósakambi 14, 700 Egilsstaðir. Bæjarfulltrúi.

Íris Lind Sævarsdóttir, kt: 130773-3389, Litluskógum 19, 700 Egilsstaðir. Bæjarfulltrúi.

Sigurður Ragnarsson, kt: 180562-2819, Mánatröð 12, 700 Egilsstaðir. Bæjarfulltrúi.

Ágústa Björnsdóttir, kt: 150862-2569, Fagradalsbraut 11, 700 Egilsstaðir. Bæjarfulltrúi.

Eypór Elíasson, kt: 130748-2959, Selási 3, 700 Egilsstaðir. Bæjarfulltrúi.

Björn Ármann Ólafsson, kt: 210553-4799, Hléskógum 19, 700 Egilsstaðir. Bæjarfulltrúi.

Bæjarstjóri er Eiríkur Björn Björgvinsson.

Meðfylgjandi eru lykiltölur úr ársreikningum fyrir árin 2000-2003, ársreikninga sveitarfélagsins má nálgast á skrifstofu Austur-Héraðs og á vefsíðu sveitarfélagsins, www.egilsstadir.is.

Lykiltölur úr ársreikningum árin 2000-2001

Ár	2001	2000
Íbúafjöldi	2030	2023
í þús.kr.		
Skatttekjur	485.020	432.632
Rekstur málaflokka	436.203	352.890
Greiðslubyrði lána nettó	66.515	48.111
Fjárfestingar samtals	104.902	168.959
Ráðstöfun umfram tekjur ársins	-122.328	-135.764
Peningal. eignir samtals	146.529	158.188
Skuldir	797.440	673.552
Peningaleg staða án lífeyrisskuldb.	-650.910	-515.364
Lífeyrisskuldbinding	-124.728	-82.434
Peningaleg staða með lífeyrisskuldb.	-775.638	-597.798
Kr. á íbúa		
Skatttekjur	249.000	218.000
Skuldir í árslok	394.000	333.000
Peningaleg staða án lífsj.sk.b.	-321.000	-255.000

Ársreikningar sveitarfélagsins eru gerðir í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma. Vegna breytinga á reikningsskilum sveitarfélaga skv. reglugerð nr. 944/2000 sem öðlaðist gildi 1. janúar 2001 eru reikningar sveitarfélagsins ekki fyllilega samanburðarhæfir milli árana 2001 og 2002. Meginbreyting á reikningsskilum sveitarfélagsins felst í því að ársreikningur Austur-Héraðs árið 2002 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta til eða öllu leyti er fjármögnum með skatttekjum. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður eð þjónustutekjum.

Lykiltölur úr ársreikningi árið 2002

	A hluti	Samantekið A og B hluti
Íbúafjöldi	2061	2061
í þús.kr.		
Rekstrartekjur	782.000	894.708
Rekstrargjöld	767.881	870.683
Fjármagnsgjöld	17.348	39.421
Hlutdeild minnihluta	0	-793
Rekstrarniðurstaða	-3.229	-16.190
Fastafjármunir	654.814	1.228.383
Veltufjármunir	110.781	132.748
Eignir samtals	765.595	1.361.131
Skuldir og skuldbindingar samtals	639.917	1.076.724
Eigið fé	125.677	284.407
Kr. á íbúa		
Skatttekjur	278.034	278.034
Skuldir í árslok	310.489	522.428
Eignir	371.468	660.423

Lykiltölur úr ársreikningi árið 2003

	A hluti	Samantekið A og B hluti
Íbúafjöldi		
í þús.kr.		
Rekstrartekjur	830.611	935.318
Rekstrargjöld	803.600	899.347
Fjármagnsgjöld	36.113	59.303
Hlutdeild minnihluta	0	1161
Rekstrarniðurstaða	-9.102	-22.171
Fastafjármunir	794.749	1.366.164
Veltufjármunir	492.217	478.408
Eignir samtals	1.286.966	1.844.571
Skuldir og skuldb. samtals	1.092.437	1.504.382
Eigið fé	194.529	340.190